Í Reykjavík


Ertu fylgjandi fegurðarsamkeppnum?



Svavar Karlsson, raflínumaður: — Ég er eindregið fylgjandi þeim. Ég við að bæði séu fegurðarsamkeppnir fyrir karla og konur. Ég veit ekki hvort ég myndi taka þátt ef mér væri boðið.



Sigrún Birgisdóttir, er í skóla: — Ég er ekki fylgjandi hinum eiginlegu fegurðarsamkeppnum. Ég tel að í keppnum sem þessum eigi að taka tillit til fleira en fegurðar. Það á líka að hafa hliðsjón af persónuleika fólks.



Kristján Sæmundsson, jarðfræðingur: — Því ekki það. Ég er ekkert mótfallinn fegurðarsamkeppnum karla og kvenna ef fólk hefur gaman af þeim.



Þórleifur Sigurðsson, sjómaður: — Já, ég er fylgjandi fegurðarsamkeppnum bæði fyrir karla og konur, en ef ég væri hins vegar beðinn um að taka þátt myndi ég neita.



Hulda Jensdóttir, vinnur við heimahjúkrun: — Já, bæði fyrir karla og konur, og ég myndi örugglega slá til ef mér byðist að taka þátt í fegurðarsamkeppni.

„Merkur áfangi á langri leið"

segir Björn Th. Björnsson um sýningu Einars Hákonarsonar sem hefst í dag

Einar Hákonarson opnar í dag sína sjöttu einkasýningu í vesturssal Kjarvalsstaða.



Einar Hákonarson

Björn Th. Björnsson listfræðingur skrifar umsögn um sýningu Einars í sýningarskrá og segir þar m.a.: „Hann er teiknari og myndskipunarmaður fyrst og fremst, agaður af góðum skólum og löngu starfi að svartlist, þar sem reynir ekki síst á þá frumþætti myndgerðar sem hér er haldið til skila. Slíkt er enda langt í frá nýlunda í verki Einars, en þó merkur áfangi á langri leið, þar sem bilið milli myndkveikjunnar og endanlegs málverks sýnist hér skemmra en fyrr...

Einar stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Valands listaháskólann í Gautaborg. Auk einkasýninga sinna hefur hann tekið þátt í fjölmörgum alþjóðlegum sýningum og samsýningum innanlands og hann hefur hlotið verðlaun fyrir málverk og grafík erlendis.

Hann starfar nú sem kennari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og skrifar um myndlist í Vísi.

Einar sýnir nú 88 olíumálverk, sem flest eru gerð á þessu ári. Elstu verkin eru frá árinu 1971. Mun sýningin standa fram til 25. október n.k. —SJ



„Hlustað á skáldið".

Svo mælir Svarthöfði

Sagnarandi Jóns Sólness

Þegar hverinn tók að gjósa við Kröflu og landsmenn stóðu á öndinni yfir því, að nú væri að hefjast gosið sem beðið hafði verið eftir, náði Vísir tali af Jóni Sólnes. „Það kemur ekkert fyrir Kröflu", sagði Jón við þetta tækifæri, og vonandi verður það orð að sönnu. Þrátt fyrir fullvissu Jóns hefur verið komið upp miklu og vönduðu varnarkerfi, svo hægt verði að drífa starfsfólk af staðnum áður en það lendir undir hraun, ef..... Sá galli reyndist þó helstur á hinu mikla varnarkerfi að þessu sinni, sem byggist á hnappi, að viðkomandi hnappur var læstur inni, svo vekja varð kokkinn, sem hafði lykil. Eftir það fóru menn að drífa sig af staðnum.

Varnarkerfi stórþjóða byggist á rauðum símum. Það er rauður sími í skrifstofu þjóðhöfðingja, rauður sími á borði yfirhershöfðingjans og rauður sími hjá þeim, sem eiga að styðja á hnappana. Við Kröflu eru engir rauðir símar, verkstjórinn hefur ekki rauðan síma og Jón Sólnes virðist ekki hafa neinn síma, hvorki rauðan, svartan eða grá-an ef dæma má eftir kvörtunum blaðamanna, sem telja sig aldrei geta náð símasambandi við hann. Aftur á móti hefur Jón mannskap á að skipa, sem kann að aflæsa hnöppum. Þótt Krafla sé orðin ríki í ríkinu jafnast hún ekki á við stórveldi, ef marka má gildismat það, sem dregið verður af rauðum símum. Má það vera nokkur huggun þeim, sem óttast að svo kunni að fara að stór hluti af þjóðartekjum Íslendinga fuðri upp þarna í grófinni undir Leirhjnúk.

Annars er því líkast að Jón Sólnes hafi sagnaranda sér til aðstoðar. Öryggi hans, þegar hann segir: Það kemur ekkert fyrir Kröflu, hlýtur að byggjast á yfirnáttúrlegum samböndum. Fullvissan er svo smitandi, að jafnvel vantrúarhundar eins og Svarthöfði er farinn að trúa Jóni. Ekki er ljóst hver sagnarandinn er, eða hvar Jón hefur komist í samband við hann. Þingeyingar eru að vísu margrar náttúru og eiga fulltrúa jafnt uppi sem niðri — þann frægasta í neðra sjálfan nafna Jóns kenndan við Húsavík, en þar sem Húsavíkur-Jón er sagður staðsettur með eina taðflögu fyrir neðan sjálfan kyndarann, fær hann sjálfsagt lítlu ráðið um eldvarp við Kröflu. Mikið nær er að álíta að Jón Sólnes hafi samið við paura sjálfan í Japansferðinni frægu og þaðan sé honum kominn sagnarandinn.



Annars skyldu menn varast að ætla Jóni Sólnes nokkuð annað en gott eitt í Kröflumálinu. Maðurinn er höfðingi á alla lund og slíkir hafa gjarnan lukkuna með sér. Og mikill greiðamaður var hann í stöðu bankastjóra Landsbankans á Akureyri, enda sótti hann kraftinn til þingmennskunnar í þann starfa. Aftur á móti hefur hann fundið til þess, að minna þarf við hann að tala á Alþingi en í bankastofnuninni á Akureyri, og völdin hafa minnkað í hlutfalli við það. Þá er hans sárt saknað af ýmsum þeim, sem þótti gott að leita til hans um víxil og er vísa Rósbergs G. Snædal gott vitni um það:

Vildarmönnum víxillán
veitast út á fésið,
en sumir mega Sól(ar) án
sigla fyrir nes(ið).

Á meðan Jón Sólnes treystir á sagnaranda sinn skjálfa undirheimar. Gegn maður, sem gengdi hægu starfi í banka og var góður smælingjum, stendur nú mitt í því vanþakkláta starfi að ábyrgjast Kröflu í ræðum og yfirlýsingum. Svo skylt telur hann sér að vera í forsvari hvar sem Kröflu kynni að bera á góma, að hann sat jafnvel fund Framsóknarfélaganna í Reykjavík á fimmtudagskvöldið þar sem ekki gaus á nokkrum manni. Svarthöfði.